

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar**  
**vegna þjónustustofnunar við Byggðaveg.**

Skipulagsstofnun staðfesti 21. desember 2020 breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 sem samþykkt var í bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 7. október 2020.

Í breytingunni felst að einum ha af opnu svæði til sérstakra nota norðan Byggðavegar er breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem fyrirhugað er að byggja leikskóla.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 21. desember 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021